

Aðalfundur Alnæmisbarna, 31. mars 2005

Aðalfundur ársins 2005 var haldinn 31. mars 2005 í húsakynnum Rauða kross Íslands við Efstaleiti. Alls mættu 31 á fundinn.

Inngangur

Þórunn flutti inngang og kynnti dagskrá.

Tillaga að fundarstjóra og fundarritara

Tillaga að Helga Tulinius verði fundarstjóri og að Bjarni Reyr Kristjánsson fundarritari samþykkt í djúpri þögn.

Skýrsla stjórnar

Þórunn flytur skýrslu stjórnar. Hún samþykkt með lófaklappi.

Reikningar Alnæmisbarna

María leggur fram reikninga. Samþykktir með lófaklappi.

Starfsáætlun og fjárhagsáætlun næsta árs.

Sækjum styrk til rekstrar CLF til ÞSSÍ. Stefnum að því að fjölga styrktaraðilum í 50-70. Stefnt að því að taka inn 12 nýjar stelpur á hverju ári en með tilliti til persónulegra þarfa hveðrar stúlku. Allar fari þær í alnæmispróf. Stefnt er að því að komast inn “prógram” þar sem í boði eru ókeypis alnæmislyf fyrir stúlkurnar. Gefa stúlkunum tækifæri til menntunar fyrir þær sem vilja. Auka samstarf við önnur samtök og stofnanir. Í kjölfarið á þessum umræðum benti Sigurlaug á að leiðir séu til Sameinuðu þjóðirnar útveguðu t.d. lyf að kostnaðarlausu. Þetta á ekki að taka langan tíma.

Hækkun félagsgjalda

Tillaga var lögð fram um hækkun félagsgjalda úr 2000 kr í 2500 kr. Tillagan var samþykkt með djúpri þögn.

Fjölgun í stjórn Alnæmisbarna úr 5 í 7

Flutt var tillaga stjórnar um fjölgun stjórnarmanna úr 5 í 7. Tillaga samþykkt með lófaklappi.

Tillaga um stjórnarmenn

Bjarni Reykr Kristjánsson, Hildur Gestsdóttir, Benedikt Steingrímsson, María J. Gunnardóttir, og Guðlaugur Þór Pálsson samþykkt með lófaklappi.

Tillaga um skoðunarmenn

Lögð var fram tillaga um sömu skoðunarmenn reikninga. Tillaga samþykkt með lófaklappi.

Skipan starfshópa

María lýsir starfshópum og lætur ganga lista yfir félaga.

Heimsóknir til CLF

Helga bendir á þörfina á að heimsækja CLF reglulega. Halldór fer kannski til Uganda í maí. Gestur bendir á að einhverjir munu fara frá Íslandi til vinnu í Uganda á árinu.

Listi yfir stúlkur

Listi yfir stúlkurnar er í vinnslu

Heimsókn Maríu og Hildar til CLF

María sýnir myndir frá ferðinni og rekur ferðasöguna.

Gestur auglýsti kerti til sölu.

Ekkert fleira var á dagskrá og fundi slitið.